

## Sjávarútvegsráðstefnan 2015, Hilton Reykjavík Nordica, 19.-20. nóvember.

Kristinn Hjálmarsson

Verkefnastjóri hjá Iceland Sustainable Fisheries

### Fundarstjóri og málstofugestir,

Takk fyrir að bjóða mér að spjalla við ykkur hér í dag, um tækifærin í umhverfismálum.

Skyldu vera tækifæri fyrir okkur Íslendinga í umhverfismálum?

Getum við kannski verið í forystu í umhverfismálum hafsins?

Við vitum alveg að hafið hefur verið forsenda velferðar á Íslandi. Hafið er forsenda þeirra lífsgæða sem við búum við. Það skiptir engu, yfir hverju við nöldrum í dægurmálunum, Ísland er í alþjóðlegum samanburði, eitt allra besta landið til að búa í og ala upp börnin sín. Að því sögðu, þá er það líka undir okkur komið að viðhalda og styrkja skilyrði fyrir aukin lífsgæði.

Lífið á Íslandi, eins og það er í dag, er ekki sjálfgefið. Og það var ekki eitt af okkur sem hér erum, né við öll í sameiningu, sem sköpuðum þessi lífsgæði. Við njótum þeirra og eigum að leggja okkar af mörkum. Við búum vel í dag, vegna þess að kynslóðirnar á undan okkur byggðu upp þekkingu á sjósókn og fiskvinnslu. Nýting auðlinda þeirra til sjós og lands, byggðu upp þessa þekkingu. Fyrri kynslóðir, þær háðu fáránlega, og ójafna baráttu við náttúruöflin.

Sjómenn, landverkafólk og bændur undanfarinna alda og fjölskyldur þeirra, færðu okkur þann nútíma sem við þekkjum í dag, með því að læra af reynslunni, með fórnum og erfiðisvinnu; við aðstæður sem okkur eru fullkomlega framandi og frumstæðar. Þegar við látum væntumþykju okkar fyrir hafinu í ljós, í verki, með því að passa það og vernda, þá sýnum við sjómönnum og landverkafólki fyrri alda; að erfiðsvinna þeirra var ekki til einskis. Þannig sýnum við þakklæti okkar fyrir þau lífsgæði, sem það færði okkur, en naut ekki sjálft. Og við sýnum ábyrgð okkar gagnvart komandi kynslóðum. Hvernig viljum við að þær hugsi til okkar?

Sjálfbærni er ekki einhver lúxus sem kröfuharðir markaðir vilja að við staðfestum, með alþjóðlegum vottunum. Sjálfbærni hafsins er einfaldlega eitt af okkar helstu verkefnum í lífinu. Samkvæmt FAO eru í dag tæplega 30% af heimsveiðum skilgreind sem ofveiði og önnur tæplega 60 % sem veiðar, sem eru fullnýttar. Þannig eru samtals um 90% af fiskstofnum fullnýttir og/eða ofnýttir. Við Íslendingar viljum sýna heimnum að við erum ekki hluti af því vandamáli sem ofveiði er í heimshöfnunum.

Við ráðum náttúrulega bara mjög takmörkuðu hafsvæði heimsins, en við getum verið heiminum til fyrirmyndar.

Eru tækifæri í umhverfismálum fyrir Íslendinga? Við eigum að vera forystuafli í umhverfismálum. Við lifum á sjálfbæru hafi og endurnýjanlegri orku. Í hugum íbúa jarðarinnar, eiga sjálfbærni og Ísland að vera samheiti. Það er okkar tækifæri. Ef við stöndum okkur í þessu, þá fylgir annar árangur.

Ef þessi stefna er skýr, Ísland er sjálfbært land, þá miðar öll ákvarðanatataka að henni. Þegar við tökum ákvarðanir, þá er okkar fyrsta spurning og forsenda ákvörðunar: Er það sjálfbært? Þannig sýnum við fulla varúð og það að fá vottun er góð aðferð til að staðfesta að varúðarnálgun er fylgt, samkvæmt bestu fánlegum vísindum.

Ég var stoppaður af löggunni um daginn, látinn blása í mælitæki sem sýndi núll-komma-núll. Kristinn hafði ekki bragðað áfengi. Ég komst þannig í gegnum eitt prinsipp í umferðinni, en ég féll á næsta. Ökuskírteinið var á náttborðinu heima. Ég vissi alveg að ég væri með gilt ökuskírteini, búinn að keyra nærri tjónalaust í 23 ár og borgað 2 hraðasektir á þeim tíma. En vinalegi lögreglumaðurinn vissi ekkert um það. Hún vildi bara, að ég sýndi fram á réttindi mín til að keyra bíl. Ég gat það ekki, svo hún hringdi í stjórnstöðina sína og fékk staðfest að mitt skírteini væri í lagi. Að því búnu sektaði hún mig um 4.000 krónur. Skírteinið mitt hefur alltaf verið í veskinu eftir þetta.

Á sama hátt eru seljendur, og neytendur sjávarafurða um allan heim, farnir að biðja um skírteini, eða vottorð, sem staðfestir að maturinn þeirra komi úr sjálfbærum veiðum. Hvers vegna? Vegna þess að margir jarðabúar vilja leggja sitt af mörkum til sjálfbærni jarðarinnar. Jörðin á nefnilega í smá vanda, af völdum okkar manna.

Félagið sem ég vinn fyrir heitir Iceland Sustainable Fisheries (ISF). Það var stofnað árið 2012 af tæplega 20 fyrirtækjum í fiskveiðum og útflutningi sjávarafurða. Félagið var stofnað í þeim einasta tilgangi að fullvissa neytendur um það, að þeir mættu treysta okkur fyrir sjálfbærni. Treysta okkur fyrir því að maturinn þeirra komi úr fiskistofnum sem eru vel haldnir, að umhverfið verði ekki fyrir skaða með veiðiaðferðum okkar, og að við kunnum að stýra og skipuleggja sókn í stofnana. Kannski fannst einhverjum þetta vera óþarfa vesen og óþarfa kostnaður, við að sýna fram á eitthvað sem við kunnum og gerum hvort eð er, vel.

Upphaflega var félagið stofnað utan um tvær tegundir, þorsk og ýsu. En á síðustu 3 árum hefur meðlimum eða hluthöfum í ISF fjölgað úr 19 í rúmlega 40 og vottaðar tegundir eru nú, auk þorsks og ýsu; gullkarfi, tveir síldarstofnar, ufsi, grásleppa og núna síðast var langa, að fá vottun.

Staðallinn á bak við vottun fiskveiðanna er á vegum Marine Stewardship Council (MSC). ISF er með öllu ótengt MSC. ISF er hópur 40 fyrirtækja sem í sameiningu fjármagnar vinnu vottunarstofa til að taka út íslenskar fiskveiðar. Vinna vottunarstofanna felst í því, að bera íslenskar fiskveiðar saman við kröfur MSC staðalsins. Þessi staðall er í eigu MSC. Staðallinn er alþjóðlegur, vel þekktur og neytendur treysta því að það sem er MSC vottað, sé sannarlega sjálfbært.

Þegar ISF var stofnað, var það fyrsta félagið í heiminum til að gera þrennt varðandi MSC vottanir:

**Í fyrsta lagi**, þá nær vottunin til allra fiskiskipa sem eru skráð á Íslandi. Ekki bara skipum skráðum hjá 1 eða 5 fyrirtækjum. Allir hafa möguleika til að veiða úr MSC vottuðum stofnum við Ísland.

**Í öðru lagi** er félagið opið öllum fyrirtækjum sem vilja flytja MSC vottaða vöru frá landinu.

**Í þriðja lagi**, allir hluthafar eru jafnir. Allir greiða þeir jafnan hlut í aðildargjöld, sem stendur undir kostnaði við störf og úttektir vottunarstofa á íslenskum fiskveiðum.

ISF þykir nokkuð merkilegt og vel heppnað fyrirbæri í heimi vottunarmála. Það er vaxandi verkefni okkar að halda kynningar erlendis á þessu módeli, við segjum frá því sem frumherjar í umsóknum um MSC vottanir á Íslandi, komu á, fyrir aðeins þremur árum. Íslenskar fiskveiðar nema um 1% af heimsveiðum, en um 6% af MSC vottaðri vöru, sem er í boði í heiminum, koma frá Íslandi.

Á döfinni hjá ISF er að sækja um fullt MSC mat á loðnu. En þess má geta að í hvert skipti sem ISF sækir um vottun á fiskveiðum, þá er það gert að undangenginni skoðanakönnun meðal aðildarfyrirtækja. Þar ræður meirihlutinn og fyrir tveimur vikum ákvað meirihlutinn, að sækja um fullt mat á loðnuveiðum við Ísland.

Við sama tækifæri voru hluthafar spurðir að því, hvort ISF ætti að bjóða Norðmönnum og Grænlandingum að vera með í matinu, og taka kostnaðarlegan þátt í þeirri vinnu. Loðnuveiðar falla nú undir samkomulag þessara strandríkja. Niðurstaðan varð sú, að bjóða þessum tveimur ríkjum að vinna að MSC umsókn, um fullt mat á loðnuveiðum. Hjá ISF er það mikilvægt að vinna með öðrum fiskveiðipjóðum, að sjálfbærni í gegnum MSC vottanir á fiskveiðum.

Í upphafi þessa árs, samþykkti stjórn ISF að hefja nokkuð stórt og víðtækt frummatsverkefni. Það er kallað frummat, þegar staða fiskveiða er borin saman við MSC staðlana. Markmið frummats, er að sjá og fá tilfinningu fyrir því, hvort eitthvað vanti uppá, til að fá vottun. Og þá hvað vanti uppá.

Þetta frummatsverkefni nær til 15 tegunda, til viðbótar við þær sem þegar hafa verið vottaðar, og mun frummatið gefa mikilvægar upplýsingar um það, hvernig þessar tegundir standa, gagnvart MSC kröfum um sjálfbærni.

Verkefnið hefur þegar verið fjármagnað að helmingi með erlendum styrkjum. Það er mikill áhugi er meðal nokkurra erlendra smásöluaðila að koma að þessu metnaðarfulla verkefni og veita til þess styrkjum. Þessa styrki bjóða, meðal annarra, erlendir aðilar í endursölu á sjávarafurðum, að fyrra bragði. Án þess að vera beðnir um það. Sú staðreynd, sýnir okkur enn, mikilvægi góðrar fiskveiðistjórnunar. En þar hafa íslensk stjórnvöld, án alls vafa, verið fremst. Verið í forystu.

Ísland er sjálfbær fiskveiðipjóð, við viljum hafa alþjóðleg skírteini til að sanna það.

Við hlökkum til að fá niðurstöður úr þessu viðamikla verkefni. Við hlökkum til, að byrja að forgangsraða næstu tegundum inn í fullt MSC mat. Hlökkum til að sjá endurbætur gerðar, þar sem það kann að þurfa.

Þegar ISF sækir um vottun fiskveiða, þá er það að frumkvæði aðildarfélaganna sem þurfa að sýna neytendum skírteinin sín, skírteini sem sýna neytendum að þeir þurfi ekki að óttast það, að aféta eða skemma vistkerfi hafsins.

Eru tækifæri í umhverfismálum fyrir okkur Íslendinga? Já, í umhverfinu eru okkar auðlindir. Við erum ekkert án umhverfismála. Í umhverfinu eru náttúrulegar auðlindir okkar sem eru undirstaða mannauðs í landinu.

Eru tækifæri fyrir okkur til að koma því betur á framfæri? Já, en við verðum að sýna fram á það hvað við erum frábær, t.d. með því að sýna vottorð og skilríki, sem staðfesta það að við verndum umhverfið. Það er ótrúlega sterkt að geta sýnt alla verðlaunapeningana sína, sýnt allar alþjóðlegu MSC vottanirnar, þegar við markaðssetjum íslenskan uppruna. Eitt af okkar stóru markaðslegu tækifærum er, að heimurinn leggi að jöfnu íslenskan uppruna og sjálfbærni.

Við eigum að sýna öllum heiminum það, að við elskum hafið.

Kærar þakkir mig og eigið góða daga hér á Sjávarútvegsráðstefnunni ☺